

Tillaga að auglýsingu

um verndarsvæði jarðvarma - Háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitasvæði Háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell í Hrunamannahreppi gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Verndarsvæðið er 117 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitasvæði Kerlingarfjalla: 79 Hverabotn, 80 Neðri-Hveradalir, 81 Kisubotnar og 82 Þverfell gegn orkuvinnslu.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

Mannvirkjagerð og orkurannsóknir

Orkuvinnsla varmaafis með uppsett varmaafli 50 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafli 50 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

Viðurlög

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning

umhverfis- og auðlindaráðherra